

RHESUS VARNIR – BREYTT VERKLAG

Um 15% fólks er ekki með Rhesus D mótefni í blóði og er því Rhesus D neikvætt. Um 60% Rhesus D neikvæðra barnshafandi kvenna ganga með Rhesus D jákvætt fóstur. Þær geta myndað rauðkornamótefni (Rhesus næming) sem geta haft afleiðingar á næstu meðgöngu sé það fóstur einnig Rhesus jákvætt. Mótefnin fara yfir fylgju og brjóta niður rauð blóðkorn fósturs og getur það valdið alvarlegu blóðleysi hjá fóstrinu.

Rhesusvarnir hófust hérlendis fyrir um hálfri öld og hefur árangurinn verið góður en þó verða um 1-2% Rhesus neikvæðra kvenna fyrir Rhesusnæmingu á meðgöngu eða um 5 konur á ári.

Nú er mögulegt að greina blóðflokk fósturs með blóðsýni frá móður. Talið er að í 8-9% meðgangna hérlendis gangi Rhesus neikvæðar konur með Rhesus jákvæð fóstur. Með því að gefa þessum konum mótefnasprautu á meðgöngunni má draga enn frekar úr Rhesusnæmingu eða um 70-90%.

NÝTT VERKLAG VIÐ RHESUS VARNIR

Í upphafi meðgöngu er blóðflokkun gerð hjá öllum konum og skimað fyrir rauðkornamótefnum.

Við 25 vikur er skimað er fyrir rauðkornamótefnum hjá öllum Rhesus D neikvæðum konum og einnig er Rhesus D flokkur fósturs greindur. Blóðbanki gefur svar um niðurstöðu mótefnaskimunar og Rhesus flokk fósturs. Það er mikilvægt að skrá bæði blóðflokk móður og fósturs.

Við 28 vikur er Rhesus D neikvæðum konum sem ganga með Rhesus D jákvætt fóstur boðin anti Rhesus D mótefnasprautu til að koma í veg fyrir næmingu móður. Rhesus D neikvæðar konur sem ganga með Rhesus D neikvætt fóstur þurfa ekki anti Rhesus D mótefnasprautu og ekki heldur við slys/föll/vendingar/blæðingu.

Skimun fyrir rauðkornamótefnum við 36 vikur verður hætt hjá öllum barnshafandi konum.

Eftir fæðingu fá þær konur sem fengu mótefnasprautu Rhophylac® 1500 a.e. á meðgöngu við 28 vikur endurtekna mótefnasprautu. Blóðsýni úr naflastreng verður áfram tekið hjá öllum Rhesus D neikvæðum konum.